

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.  
Gunnar Aron Ólason  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

Reykjavík, 5. október 2022  
UST202209-190/A.B.  
10.04.02

## **Efni: Tillaga - Deiliskipulag – Vaðnes, 4. áfangi, frístundabyggð – Grímsnes – og Grafningshreppur**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Grímsnes- og Grafningshrepps er barst 20. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir frístundabyggð (F26) í landi Vaðnes, 4. áfangi, í Grímsnes- og Grafningshrepps.

Í greinargerð kemur fram tillagan gerir ráð fyrir 65 sumarhúsalóðum þar sem lóðirnar eru á bilinu 5420 – 8445 m<sup>2</sup> og nýtingarhlutfall lóða skal vera allt að 0,03. Auk þess kemur fram að skipulagssvæðið er um 54 ha.

### **Hraun**

Í greinargerð kemur fram að landið er að mestu gróið hraun. Umhverfisstofnun bendir að samkvæmt kortasjá<sup>1</sup> Náttúrufræðistofnunar Íslands er svæðið skilgreint sem hraun og fellur því undir 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013<sup>2</sup>. Nefnist hraunið Kerhólshraun og er fjallað um hraunið í aðalskipulagi sveitarfélagsins.

Umhverfisstofnun bendir á að í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruvirkbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Þar sem að tillagan mun raska hrauni sem fellur undir sérstaka vernd náttúruverndarlaga væri æskilegt, sé tillagan samþykkt, að sveitarfélagið rökstyðji hvers vegna það sé brýn nauðsyn að raska hrauninu og hvaða mjög miklu hagsmunir réttlæti slíka röskun og þá fyrst og fremst brýnu almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á að heimilt er að binda framkvæmdaleyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúruvirkbæri sem verða fyrir röskun.

Í skipulagsáætluninni er ekki fjallað sérstaklega um framkvæmdir sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun lítur því svo á að umsögn þessi uppfylli ekki umsagnarskyldu skv. 2. mgr. 68. gr., sbr. 3. mgr. 61. gr. og áskilur sér rétt til umsagnar áður en veitt er leyfi vegna

<sup>1</sup> <https://serstokvernd.ni.is/>

<sup>2</sup> <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2013060.html>



framkvæmda sem kunna að raska vistkerfum og jarðminjum sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. 61. gr. laganna.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson  
*sérfræðingur*

Björn Stefánsson  
*sérfræðingur*